

## Hverfisráð Miðborgar

Ár 2014, fimmtudaginn 27. nóvember var haldinn 111. fundur Hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Svafar Helgason, sem stýrði fundi og Sindri Snær Einarsson. Júlíus Vífill Ingvarsson boðaði forföll og sat Kári Sölmundarson fundinn í hans stað. Elsa Hrafnhildur Yeoman boðaði forföll og sat Ragnheiður Axel Eyjólfsdóttir fundinn í hennar stað. Sverrir Þórarinn Sverrisson formaður Íbúasamtaka Miðborgar sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi. Jafnframt sátu fundinn Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð. Gestir við lið 1 voru Unnur Arnardóttir verkefnastjóri Betra hverfis og Sonja Wiium, einnig Ólafur Ólafsson og Stefán Agnar Finnsson frá fagráði um betri hverfi.

### Þetta gerðist:

1. Betri hverfi – farið yfir tillögur með fagráði.
2. Fjölskyldugarðar – erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði. Lagt fram.
3. Deiliskipulag-Landakotsreitir – erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði. Deiliskipulagið er utan hverfis, en í næsta nágrenni og getur nýst íbúum í Miðborg og er því lagt fyrir Hverfisráð Miðborgar. Hverfisráð gerir ekki athugasemd og óskar vesturbæingum til hamingju.
4. Lagt fram svar við erindi Hverfisráðs Miðborgar til skipulagsfulltrúa um fjölda hótela og gistiheimila í miðborginni.
5. Lagt fram: Annáll Miðborgarinnar okkar 2013 og ársreikningur Miðborgarinnar okkar 2013.
6. Frá íbúasamtökum Miðborgar. Formaður óskar eftir að hverfisráð styrki samtökin. Samþykkt.
7. Lagt fram: Afmælisrit Landmótunar: Að móta land í 20 ár. Lagt fram.
8. Punktur frá íbúafundi í Ráðhúsinu 15. nóvember.
  - Rætt var um kynningar á skipulagi.
  - Gjaldskylda á bifreiðastæði
  - Kallað var eftir bílastæðastefna Reykjavíkurborgar
  - Óskað er eftir kynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum í Kvosinni.
  - Breyting á strætisvagnleiðum rædd
  - Fulltrúum foreldrafélaganna verði boðið á fund hverfisráðs.
9. Styrkbeiðni frá Kampi. Samþykkt.

Næsti fundur verður 8. janúar.

### Fundi slitið kl. 19:18

Svafar Helgason,

Sindri Snær Einarsson  
Ragnheiður Axel Eyjólfsdóttir

Kári Sölmundarson